



Félag háskólakennara

2. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn föstudaginn 7. október 2015 í Bændahöllinni.

Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Michael Dal, Berglind Rós Magnúsdóttir, Helgi Áss Grétarsson og Ármann Höskuldsson Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 28. ágúst 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
2. Staða kjaramála.
3. Erindi félagsmanns í tölvupósti dags. 18. september sl., vegna endurgreiðslu úr verkfallssjóði.
4. Norrænn fundur 30. maí – 1. júní 2016.
5. Vinnumatssjóður.

1. Fundargerði stjórnarfundar 28. ágúst 2015.

Samþykkt og til birtingar á heimasíðu.

2. Staða kjaramála.

Farið var yfir hugmyndir að nýrri launatöflu akademískra starfsmanna HÍ sem lögð var fyrir SNR á fund í september. SNR tók vel í þessa hugmynd en hafði fyrirvara á því að kostnaður vegna vörpunar gæti orðið hærri en sá rammi sem miðað er við í viðræðunum. Hins vegar er vilji þeirra til að vinna áfram með þessa hugmynd.

Vinna svokallaðar SALEK-nefndar er komin í uppnám. Ástæða þess er sú ríkið vill ræða breytingu á lífeyriskerfinu samhliða viðræðum um nýtt samningsmódel. Fulltrúar opinberu aðilanna vilja hins vegar halda því aðskildu.

Stjórnarmenn voru sammála því að ef ekkert fari að gerast í samningamálum fyrir lok október þá þurfi félagið í alvöru að undirbúa aðgerðir. Framkvæmdastjóra falið að vinna að tímaramma hugsanlegs verkfalls. Rætt var um að það væri jákvætt að unnið væri með FPR, HÍ og HA í þessum viðræðum.

Þá var einnig rætt um samspil launa annars vegar og stjórnunarhluta FH vs. FPR hins vegar.

3. Erindi félagsmanns, tölvupóstur dags. 18. september.

Stjórnarmenn höfðu fengið afrit af tölvupósti fyrrum félagsmanns þar sem hann óskar eftir því að fá endurgreitt þann hluta félagsgjalda sem fór í verkfallssjóð félagsins. Málið rætt og menn voru sammála því að beina erindinu til lögfræðings BHM. Erindinu verður svarað skriflega með málefnalegum rökum.

4. Norrænn fundur á Íslands 2016.

Sagt frá tillögum Gestamóttökunnar á staðsetningu norræns fundar á Íslandi í júní, sem FH og FPR standa fyrir. Lagt er til að fundurinn verði haldinn í Vestmannaeyjum og er Gestamóttakan að leita tilboða vegna þess. Fundurinn verður dagana 30. maí – 1. júní 2016.

5. Vinnumatssjóður.

Umræða hefur skapast um vinnumatssjóð og hafa nokkir félagsmenn óskað eftir ýmsum tölulegum upplýsingum vegna úthlutunar úr sjóðnum. Málið rætt og fram kom m.a. að óánægja með vinnumatssjóðinn er víða um háskólasamfélagið. Ákveðið var að stjórn félagsins skyldi standa að könnum um viðhorf akademískra starfsmanna til vinnumatssjóðs. Framkvæmdastjóra falið að koma með fyrstu drög að spurningarlista á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk um 13:30.